

## HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2015, þriðjudaginn 20. janúar, var haldinn 108. fundur Hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty formaður, Sigmundur Þórir Jónsson, Aðalheiður Franzdóttir, Sigbór Ágústsson og Jórunn Pála Jónsdóttir. Einnig sátu fundinn Rafn Einarsson, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Helgi Kristófersson áheyrnarfulltrúi Íbúasamtakanna Betra Breiðholts, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um starfsemi íþrótta- og tómstundasviðs í Breiðholti og stöðu framkvæmda í hverfinu.

Ómar Einarsson, sviðsstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

2. Fram fer umræða um stöðu skipulagsmála í Breiðholt í samhengi við málefnalista frá Íbúasamtökunum Betra Breiðholt.

Ámundi Brynjólfsson, Hjalti Guðmundsson og Stefán Agnar Finnsson frá Umhverfis- og skipulagssviði taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 7. janúar 2015 þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðs Breiðholts um deiliskipulag lóðarinnar nr. 2-8 við Eddufell. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða, niðurfelling bílageymslu, breyting á bílastæðaskilmálum, óveruleg breyting á hámarkshæðum og lóðarstærð o.fl., samkvæmt uppdrætti GP-arkitekta ehf. 26. nóvember 2014. Hverfisráð Breiðholts gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Lilja Grétarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### Fundi slitið kl. 18.05

Nichole Leigh Mosty

Sigbór Ágústsson  
Sigmundur Þórir Jónsson

Jórunn Pála Jónsdóttir  
Aðalheiður Frantzdóttir